

Fundargerð 21. fundar

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga 21. ágúst 2015

Föstudaginn 21. ágúst 2015 kl. 13:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til símafundar.

Mættir voru: Róbert Ragnarsson formaður, Steinunn María Sveinsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson, Gauti Jóhannesson og Anna Lind Ragnarsdóttir.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

1. Trillan - smáforrit um íslenskan sjávarútveg ætlað miðstigi í grunnskóla

Heiðís Skarphéðinsdóttir frá Sjávarklasnum kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir stöðu verkefnisins.

Verkefninu fer senn að ljúka og stefnt er að því að opna fyrir það og kynna í september.

2. Ársreikningur

Lagður fram ársreikningur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga fyrir árið 2014 áritaður af reikningshaldara og skoðunarmönnum Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, sem leggja til að reikningurinn verði samþykktur. Engar athugasemdir hafa borist frá aðildarsveitarfélögum..

Ársreikningurinn samþykktur og verður staðfestur með undirritun stjórnarmanna.

3. Sjávarútvegsfundur 2015

Rætt var um þema á fundinum sem verður „Nýsköpun í sjávarútvegi“ en fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 23. september nk.

Formanni og starfsmanni falið að útbúa fyrstu drög að dagskrá.

4. Viðskiptabann Rússa

Róbert og Páll gerðu grein fyrir fundi með Samráðshópi um aðgerðir vegna viðskiptabanns Rússa sem fram fór í stjórnarráðinu með fulltrúum úr ráðuneytum, Seðlabankanum og fulltrúum SFS.

Stjórn lýsir yfir áhyggjum af ástandinu og þeim áhrifum sem viðskiptabannið á eftir að hafa á einstök sveitarfélög. Formanni falið að koma á sambandi við samráðshópinn til að samtökin geti tekið þátt í greiningarvinnu og mótun tillagna að mótvægisaðgerðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:05.

Fundargerð skráði VRH